



Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Skrifstofa borgarstjórnar

Reykjavík, 3. mars 2026
MSS23080011

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn um afdrif tillögu um afléttingu trúnaðar á skýrslu um Félagsbústaði dags. mars 2024

Á fundi borgarráðs 17. febrúar 2026 lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fyrir rúmu ári, 30. janúar 2025, lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins til að leynd yrði aflétt af skýrslu vinnuhóps borgarstjóra um sjálfbærni og rekstur Félagsbústaða, sem skilað var í mars 2024. Tillagan var rökstudd með því að eðlilegt væri að áður nefnd skýrsla yrði gerð opinber í ljósi mikilvægis félagsins, sem og í þágu upplýstrar umræðu um málefni þess. Á fundi borgarráðs, 20. febrúar 2025, var umræddri tillögu vísað til umsagnar Félagsbústaða undir embættisafgreiðslum. Óskað er eftir upplýsingum um meðferð og afdrif tillögunnar. Er jafnframt óskað eftir því að hún verði lögð fyrir borgarráð sem fyrst til afgreiðslu.

Svar:

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem um ræðir í ofangreindri fyrirspurn var send af hálfu skrifstofu borgarstjórnar með tölvupósti til Félagsbústaða 5. febrúar 2025 þar sem óskað var eftir umsögn um afléttingu trúnaðar. Engin umsögn hefur enn borist. Við eftirgrennslan skrifstofu borgarstjórnar um afdrif umsagnarbeiðinnar hjá Félagsbústöðum, í tilefni af ofangreindri fyrirspurn frá 17. febrúar sl., kom í ljós að vegna mannlegra mistaka hafði Félagsbústöðum yfirséð beiðni um afstöðu þeirra til afléttingar trúnaðar á skýrslunni. Framkvæmdastjóri Félagsbústaða hefur beðist velvirðingar á því, sbr. meðfylgjandi tölvupóst.

Hvað varðar afléttingu trúnaðar á skýrslunni þá var það gert á fundi borgarstjórnar 5. febrúar sl. undir 20. dagskrárið um embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar og er skýrslan birt undir dagskrárliðnum.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem hefur orðið á afgreiðslu tillögunnar frá 30. janúar 2025.

Virðingarfullt,
Dís Sigurgeirsdóttir, skrifstofustjóri
Skrifstofa borgarstjórnar



Reykjavík

Ívar Vincent Smárason

Frá: [REDACTED]
Til: Sigrún Árnadóttir; Þorsteinn Gunnarsson
Afrit: Tinna Garðarsdóttir; Heimir Snær Guðmundsson
Efni: RE: Vegna fyrirspurnar í borgarráði frá Sjálfstæðisflokki

Frá: Sigrún Árnadóttir <[REDACTED]>
Sent: miðvikudagur, 25. febrúar 2026 13:29
Til: Dís Sigurgeirsdóttir <[REDACTED]>; Þorsteinn Gunnarsson
<[REDACTED]>
Afrit: Tinna Garðarsdóttir <[REDACTED]>; Heimir Snær Guðmundsson
<[REDACTED]>
Efni: RE: Vegna fyrirspurnar í borgarráði frá Sjálfstæðisflokki

Sæl Dís.

Almennt berast erindi frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara beint á netfang undirritaðrar, þ.e. framkvæmdastjóra. Á stjórnarfundum Félagsbústaða á síðasta ári kom fram í máli eins stjórnarmanna að leitað hefði verið eftir umsögn Félagsbústaða um afléttingu trúnaðar. Eftir árangurslausa leit í innhólfi leitaði undirrituð í fundargerðum borgarráðs en sá ekki að máli sem tengist umræddri skýrslu hefði verið vísað til umsagnar Félagsbústaða.

Nú hefur komið í ljós eftir eftirgrennslan á málinu að póstur þessa efnis barst á netfangið felagsbustadir@felagsbustadir.is og var áframsent til undirritaðrar.

Beðist er velvirðingar á þessari yfirsjón.



Með góðri kveðju,
Sigrún Árnadóttir · framkvæmdastjóri
Þönglabakki 4 · 109 Reykjavík
www.felagsbustadir.is
Sími 520 1500
Samvinna - þjónusta – virðing



**Framúrskarandi
fyrirtæki 2025**